

Reykjavík, 10. maí 2023

Umhverfis- og  
skipulagssvið  
Borgartún 12-14  
105 Reykjavík

**Til:** Umhverfis- og skipulagsráðs

**Efni:** Fyrirspurn umblómaker í borgarlandinu

Þjónustuver  
Borgartún 12-14  
105 Reykjavík

411 1111

Vísað er til fyrirspurnar Flokks fólksins um blómaker í borgarlandinu dagsetta 22. febrúar 2023 og lögð fram að nýju þann 22. mars 2023 (USK23020264). Fyrirspurnin er svohljóðandi: „Óskað er eftir upplýsingum um hvert umfang blómakerja er í borginni, ca. fjöldi, kostnaði í kringum uppsetningu, umhirðu og öðru sem þeim tengjast. Einnig hvort slys hafi hlotist af þeim t.d. að fólk hafi dottið um þau eða hjólað á þau. Ef svo er, hafa þau ker verið fjarlægð? Óskað er eftir upplýsingum um hvenær farið var að setja blómaker í borgina í einhverjum mæli og hvernig þróun hefur verið síðustu 3 ár eða svo. Er þeim að fjölga?“

Um þessar mundir eru 211 blómaker í borgarlandinu. Heildarkostnaður vegna blómakerja frá árinu 2015 er ríflega 62 m.kr. á verðlagi hvers árs. Byrjað vara a nota blómakerin um síðustu aldamót. Upplýsingar um tjón eða slys vegna blómakerja liggja ekki fyrir hjá umhverfis- og skipulagssviði.

Aukning hefur verið á notkun blómakerja í borgarlandinu undanfarin ár. Þau hafa þótt hentug í ýmis verkefni enda augnayndi en einnig vegna verkefna tengdum Betri hverfi og samgöngumálum til að takmarka eða leiða umferð. Ljóst er að blómakerjum mun eitthvað fjölga áfram enda eins og áður sagði hentug í ýmis verkefni á borgarlandinu.

Beðist er velvirðingar á seinkun svars við fyrirspurninni.

Virðingarfyllst,

Hjalti J. Guðmundsson

Skrifstofustjóri borgarlandsins